

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2006.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 28. júlí 2006 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2006. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. janúar 2006.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2006